Fjármálavit

FYLGISKJAL · AÐ SETJA SÉR MARKMIÐ

Markmiðamiðar

Klippið miðana út. Hver hópur dregur einn markmiðamiða.

Æfingaferð til útlanda	**Bíll**
Íbúð *eiga sem mest fyrir fyrstu útborgun*	**Nýr sími af bestu gerð**
Góð tölva fyrir skólann	**Stofna netfyrirtæki með flotta vefsíðu**
Heimsreisa	**Rafmagnshjól af bestu gerð**
Labrador hvolpur	**Trommusett af bestu gerð**

Fjármálavit

FYLGISKJAL · AÐ SETJA SÉR MARKMIÐ

Óvæntar uppákomur

Klippið miðana út. Hver hópur dregur einn miða og ákveður hvernig hann bregst við.

1. Nýja tölvan þín datt í gólfið og er ónýt. Sambærileg tölva kostar **200.000 krónur**.

2. Þú varst að synda kafsund í innilauginni í Laugardalslaug og braust tvær framtennur. Kostnaður við viðgerð er **50.000 krónur**.

3. Þú varst á glænýja bílnum þínum og sendir snapp undir stýri með þeim afleiðingum að þú keyrðir á bílinn fyrir framan þig og stuðarinn á þínum bíl beyglaðist. Þetta kostaði þig **300.000 kr.**

4. Skjárinn á nýja símanum þínum brotnaði þegar hundurinn þinn hoppaði upp á þig þegar þú komst heim úr skólanum. Viðgerð á skjá kostar **30.000 krónur**.

5. Þú leyfðir vini þínum að sækja vinkonu sína á bíl foreldra þinna. Á leiðinni rann bíllinn í hálkunni utan í vegg og rispaðist. Viðgerð kostar **400.000 krónur**.

6. Vinur þinn fékk lánaða vespuna þína og endaði á því að klessa á ljósastaur. Viðgerð kostar **100.000 kr.**

7. Hundurinn þinn sem þú keyptir dýru verði í fyrra er veikur. Þar sem þú hefur ekki tryggt hundinn þarft þú að greiða **150.000 kr.** í lækniskostnað.

8. Nýlegu hjóli þínu var stolið fyrir utan skólann. Þú ferð allra þinna ferða á hjólinu og ert mjög svekkt/svekktur. Sambærilegt hjól kostar **180.000 kr.**

9. Nýju úlpunni þinni, með gemsann í vasanum, var stolið í fatahenginu í íþróttahúsinu. Þú ert miður þín.

10. Þú gleymdir símanum í sætisvasanum í flugvélinni. Síminn fannst ekki.

11. Þú lánaðir félaga þínum **40.000 kr.** Hann hefur ekki greitt þér til baka eins og til stóð og veit ekki hvernig eða hvenær hann getur það. Þú ert búinn að tapa peningunum.

12. Þú pantaðir 500 boli á netinu sem þú ætlar að selja hér heima. Til að geta það fékkst þú lán hjá eldri systur þinni upp á **100.000 kr.** Bolirnir skiluðu sér ekki og þarft þú að greiða henni allt til baka.

13. Þú varst valinn starfsmaður mánaðarins og færð **50.000 krónur** og gjafabréf út að borða fyrir tvo.

14. Barnlaus frændi þinn lést og þú erfðir gamalt frímerkjasafn og **60.000 krónur**.

Fjármálavit

FYLGISKJAL · FYRIR KENNARA

Umræðupunktar með uppákomum

UPPÁKOMA 1

Tölvan er tryggð í heimilistryggingu. Þú borgar eigin áhættu, um 20.000 kr. og færð restina bætta (viðgerð/ný tölva).

UPPÁKOMA 2

Heimilistrygging foreldranna bætir þetta. Munurinn er að ef þú slasar þig þá þarft þú venjulega ekki að greiða eigin áhættu, en ef þú skemmir eigur þínar, þá er eigin áhætta.

UPPÁKOMA 3

Skyldutryggingin þín sér um tjónið á hinum bílnum. Ef þú ert með Kaskótryggingu, þá færð þú tjónið á þínum bíl bætt, ef ekki, þá borgar þú það sjálfur. Eigin áhætta getur verið há eða um 100.000 kr. og þá færð þú restina bætta.

UPPÁKOMA 4

Tjón af völdum gæludýra er ekki í heimilistryggingu og er því ekki bætt.

UPPÁKOMA 5

Eigandi ökutækisins, foreldrar þínir, eru ábyrgir og þurfa að greiða. Ef hann er kaskótryggður þá er eigin áhætta um 100.000 kr. og restin er tryggð. Ef ekki í kaskó, þá þurfa þeir að greiða allt.

UPPÁKOMA 6

Vespur eru ekki alltaf í heimilistryggingu og gæti verið gott að hafa tryggt vespuna sér.

UPPÁKOMA 7

Hundurinn er ekki í heimilistryggingu þar sem hann er ekki manneskja. Heilræðið er að tryggja hundinn sérstaklega með gæludýratryggingu (um 20.000 kr. á ári).

UPPÁKOMA 8

Ef hjólið var ekki læst, þá fæst það ekki bætt. Ef það var vel læst, þá fellur það undir heimilistrygginguna. Hafa þarf í huga sjálfsábyrgð.

UPPÁKOMA 9

Ef þú ert í grunnskóla þá fellur þetta undir heimilistryggingu hjá foreldrum.

UPPÁKOMA 10

Ef þú gleymir eða týnir hlut þá færð þú það ekki bætt.